

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 30. mars 2001 staðfest samning, dags. 28. febrúar 2001, sem undirritaður er af fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell.

Samkvæmt samningnum breytast mörk sveitarfélaganna þannig að suðurhlíðar Úlfarsfells verða framvegis innan marka Reykjavíkurborgar. Er breyting staðarmarkanna sýnd með hnitum í hnitaskrá Reykjavíkurborgar frá 1951 á uppdrætti, sem telst hluti samningsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. mars 2001.*

**Páll Pétursson.**

---

*Guðjón Bragason.*

Nr. 315

4. apríl 2001

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 482, 3. júlí 2000, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

### III. TENGIGJÖLD

#### 2. Dreifbýli.

#### 2.8 Þrífösun háspennulagnar orðist svo:

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt tilboði RARIK allt að 527.000 kr. Fyrir kostnað umfram 527.000 kr. vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. apríl 2001.*

F. h. r.

**Porgeir Örlygsson.**

---

*Guðjón Axel Guðjónsson.*